

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)  
nr. 25/2014**

**2014/EES/64/06**

**frá 13. janúar 2014**

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1251/2008 að því er varðar færsluna fyrir Kanada í skránni yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólfi þaðan sem leyft er að flytja tiltekin lagardýr inn til Sambandsins (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum <sup>(1)</sup>, einkum 22. gr. og 3. mgr. 61. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2006/88/EB er mælt fyrir um þær dýraheilbrigðiskröfur sem skulu gilda um setningu lagareldisdýra og afurða þeirra á markað og um innflutning og umflutning þeirra gegnum Sambandið.
- 2) Í III. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1251/2008<sup>(2)</sup> er tekin saman skrá yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólfi þaðan sem heimilt er að flytja inn lagareldisdýr.
- 3) Auk þess innihalda fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum, sem eru settar fram í A- og B-hluta IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008, dýraheilbrigðisvottanir sem varða kröfur í tengslum við tegundir sem eru smitnæmar fyrir tilteknum sjúkdómum sem eru tilgreindir í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB.
- 4) Sem stendur eru tiltekin fylki í Kanada (Breska Kólumbía, Alberta, Saskatchewan, Manítóba, Nýja-Brúnsvík, Nónvaskótía, Prince-Edward-eyja, Nýfundnaland og Labrador, Júkon, Norðvesturlandsvæðin og Nunavut) á skrá í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008. Þess vegna er innflutningur til Sambandsins á fisktegundum sem eru smitnæmar fyrir veirublæði, eins og sett er fram í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB, leyfður frá þeim fylkjum.
- 5) Kanada hefur óskað eftir því að Quebec-fylkinu sé bætt í skrána sem sett er fram í III. viðauka við reglugerð (EB)

nr. 1251/2008. Samkvæmt niðurstöðum úttektar, sem var framkvæmd af Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofunni í Kanada í júní 2012 að því er varðar heilbrigði lagardýra, getur lögbært yfirvald þessa þriðja lands lagt fram viðeigandi ábyrgðir með tilliti til eftirlits með og vöktunar á fisksjúkdómum og áreiðanlegt vottunarkerfi er til staðar fyrir útflutning á fiski og fiskafurðum til Sambandsins. Að auki hefur lögbært yfirvald í Kanada lagt fyrir framkvæmdastjórnina ítarlegar upplýsingar um áhættumiðaða eftirlitsáætlun varðandi veirublæði, sem var í framkvæmd á árunum 2007 og 2012, í villtum fiski sem er upprunninn frá vatnasviðum með meiri áhættu í Quebec-fylki. Í kjölfar greiningar á hönnun og framkvæmd eftirlitsáætlunarinnar má líta svo á að mjög ólíklegt sé að veirublæðisveira hafi verið í umferð í villtum fiskistofnum í Quebec á þeim árum. Það veitir frekari tryggingar að því er varðar heilbrigðisástand fisktegunda, sem eru smitnæmar fyrir veirublæði, eða afurðir úr þeim sem má flytja út frá Quebec til Sambandsins.

- 6) Því er rétt að leyfa innflutning á fisktegundum, sem eru smitnæmar fyrir veirublæði, eins og sett er fram í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB, sem eru ætlaðar til eldis, á umlagningarsvæði, í sleppivötn og í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr, til Sambandsins frá Quebec.
- 7) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1251/2008 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 9, 14.1.2014, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2014 frá 25. september 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14.

<sup>(2)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1251/2008 frá 12. desember 2008 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2006/88/EB að því er varðar skilyrði og kröfur um útgáfu heilbrigðisvottorða við setningu lagareldisdýra og afurða þeirra á markað og innflutning þeirra í Bandalagið og um skrá yfir tegundir smitferja (Stjtið. ESB L 337, 16.12.2008, bls. 41).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. janúar 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*  
*forseti.*  
José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir Kanada í töflunni í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008 komi eftirfarandi:

Land/yfirráðasvæði		Lagareldistegund			Svæði/hólf	
ISO-kóði	Heiti	Fiskur	Lindýr	Krabbadýr	Kóði	Lýsing
„CA	Kanada	X			CA 0 <sup>(C)</sup>	Allt yfirráðasvæðið
					CA 1 <sup>(D)</sup>	Breska Kólumbía
					CA 2 <sup>(D)</sup>	Alberta
					CA 3 <sup>(D)</sup>	Saskatchewan
					CA 4 <sup>(D)</sup>	Manitóba
					CA 5 <sup>(D)</sup>	Nýja-Brúnsvík
					CA 6 <sup>(D)</sup>	Nóvaskótía
					CA 7 <sup>(D)</sup>	Prince Edward-eyja
					CA 8 <sup>(D)</sup>	Nýfundnaland og Labrador
					CA 9 <sup>(D)</sup>	Júkon
					CA 10 <sup>(D)</sup>	Norðvesturlandsvæðin
					CA 11 <sup>(D)</sup>	Nunavut
		CA 12 <sup>(D)</sup>	Quebec <sup>cc</sup>			